

Bjart yfir Birtu

„Þegar litið er um öxl er ég fyrst og fremst stoltur af því hve vel tókst til við að sameina Sameinaða lífeyrissjóðinn og Stafi lífeyrissjóð 1. desember 2016. Mikið hefur áunnist og árið 2017 var virkilega gott og farsælt fyrir okkur. Erfiðustu hjallarnir eru að baki. Vissulega bíða okkar mörg verkefni og viðfangsefni en við erum í meðvindi og afar jákvætt viðhorf starfsfólksins er lykill að velgengni við að sameina sjóðina,“ segir Ólafur Sigurðsson framkvæmdastjóri í aðdraganda ársfundar vegna fyrsta heila starfsárs Birtu lífeyrissjóðs.

Skilar sameiningin strax meiru en þú gerðir ráð fyrir?

„Já, í raun hefur flest gengið eftir sem vænst var og meira til. Birta er orðin stór og öflugur lífeyrissjóður með eigin ímynd. Það gekk ótrúlega fljótt og vel að skapa Birtu eigin sess í hugum starfsfólks og sjóðfélaga í stað þess að vera Sameinaði og Stafir undir sama þaki.

Þverfagleg starfsemi varð líka meiri og árangursríkari en ég þorði að vona. Starfsmenn mismunandi sviða koma að málum, skiptast á skoðunum og viðra fjölbreytt sjónarmið. Slíkt starfsumhverfi er gefandi og þýðingarmikið fyrir Birtu og sjóðfélaga sem hingað leita með erindi sín.

Stjórn sjóðsins er einstaklega samhent og samstarfið við hana var bæði mikið og gott í sameiningarferlinu.“

Hefur þú hnotið um eitthvað sem EKKI skilar sér með sameiningu eins og vonast var eftir?

„Nei, það get ég ekki sagt. Sumt sem okkur langaði að gera gekk hægar en við hefðum kosið, hreinlega vegna þess að sjálf sameiningin kostaði mikla orku. Markmiðið með sameiningunni var að hagræða í rekstri og sumir eiga kannski erfitt með að sjá að það hafi tekist. Því vil ég svara með því að nefna að mannahaldið er hið sama nú og þegar við sameinuðumst 2016. Ef Sameinaði og Stafir væru enn starfandi hefði verið bætt við mannskap á báðum stöðum, það fullyrði ég. Hagræðingin birtist þannig í því að starfsmönnum Birtu hefur ekki fjölgað.

Við höfum unnið að því að draga úr kostnaði yfirleitt við reksturinn og gerum það áfram. Það mun skila sér betur í rekstrartölum ársins 2018.“

Athygli vekur að þrátt fyrir að ávöxtun eigna hafi verið mun betri 2017 en 2016 er tryggingafræðileg staða sjóðsins enn neikvæð.

Kemur það á óvart?

„Ekki er sjálfgefið að tryggingafræðileg staða batni strax við að sameina lífeyrissjóði og búa til einn stóran sjóð. Í okkar tilviki var staðreyndin sú að halli var á bæði Sameinaða og Stöfum við sameininguna 2016, eignirnar stóðu með öðrum orðum ekki undir heildarskuldbindingum sjóðanna. Ávöxtun eigna sjóðanna var sömuleiðis slök 2016 og enn má nefna að nýjar lífslíkutöflur tóku gildi á því sama ári. Lífslíkur Íslendinga voru þá lengdar í lögboðnum útreikningum um tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða og það hafði



Vinnufundur í aðdraganda ársfundar Birtu lífeyrissjóðs.

Frá vinstri: Kristján Geir Pétursson, lögfræðingur, Þorbjörn Guðmundsson, varaformaður stjórnar, Jón Bjarni Gunnarsson, formaður stjórnar, Hanna Þ. Skúladóttir, forstöðumaður skrifstofu- og rekstrarsviðs, Ólafur Sigurðsson framkvæmdastjóri, og Soffía Gunnarsdóttir, forstöðumaður eignastýringarsviðs.

áhrif á stöðu Birtu lífeyrissjóðs í lok árs 2016. Ávöxtun eigna var mun betri 2017 og tryggingafræðileg staða sjóðsins skánaði umtalsvert. Við ætlum að jafna þennan mun með áframhaldandi góðri ávöxtun og nú stefnir í að afkoman verði svipuð í ár og hún var í fyrra.“

Því er ítrekað haldið fram á opinberum vettvangi, þar með talið í ræðustóli Alþingis, að lífeyrissjóðir haldi uppi háum vöxtum hér á landi. Er það svo?

„Seðlabankinn stýrir vöxtum á Íslandi! Mér er það nokkur ráðgáta að fram hjá svo mörgum fari sú staðreynd að vextir sjóðfélagalána Birtu og fleiri lífeyrissjóða eru til að mynda verulega lægri en margumtalað 3,5% ávöxtunarviðmiði lífeyrissjóða, nánar til tekið 2,64% frá 1. apríl 2018. Óverðtryggðir vextir sjóðfélagalána Birtu eru til dæmis tengdir vaxtaákvörðunum Seðlabankans og verðtryggðir vextir sjóðfélagalána taka mið af markaðsvöxtum.

Í raun og veru er það krefjandi verkefni lífeyrissjóða að gegna því meginhlutverki sínu að ávaxta fjármuni sjóðfélaga til að greiða þeim út tilskilinn lífeyri síðar á tímum vaxta sem eru lágir og fara frekar lækandi en hitt.“

Ríkið gæti hagnast á afnámi skerðinga

„Það myndi kosta ríkissjóð 10-15 milljarða króna að afnema skerðingu greiðslna almannatrygginga vegna launatekna og ná þannig að koma eftirlaunum á Íslandi upp í meðaltal OECD-ríkja. Ríkið gæti meira að segja hagnast frekar en hitt við það að afnema skerðingarnar. Við slíka breytingu aukast nefnilega skatttekjur af auknum launagreiðslum og skattar af aukinni veltu í hagkerfinu og ríkið gæti komið út í plús!“

Þetta sagði Haukur Arnþórsson stjórnsýslufræðingur meðal annars á fundi fulltrúaráðs launamanna í Birtu lífeyrissjóði í marsmánuði. Hann hefur rannsakað launakjör eldri borgara og áhrif skerðinga í eftirlaunakerfinu fyrir Félag eldri borgara í Reykjavík og dregið ýmsar athyglisverðar ályktanir af niðurstöðum sínum.

„Lífeyriskerfið á Íslandi er tvímælalaust með því besta sem gerist í heiminum og almannatryggingakerfið okkar er ljómandi gott. Hvað er þá að? Hvers vegna er neikvæð umræða um lífeyrismálin hér á landi?

Svar mitt er að ríkið leggur of lítið til eftirlauna. Á árinu 2013 var hlutfall eftirlauna af þjódarframleiðslu lægst á Íslandi í samanburði OECD-ríkja, að teknu tilliti til aldursamsetningar þjóðanna.

Skerðingar sem slíkar í þessu kerfi eru slæmar og ég er sammála því að réttlátt sé að afnema þær alveg á vinnutekjum. Aðalatriðið er samt sú staðreynd að skerðingarnar eru hálfgerð fátæktargilda fyrir stóra hópa á vinnumarkaði sem hafa unnið sér inn tiltölulega lítil lífeyrisséttindi. Þar nefni ég sérstaklega heimavinnandi konur. Ef allar skerðingar væru til dæmis teknar af fyrstu 200 þúsund krónunum myndi staða fjölmennra hópa batna verulega.

Haukur beindi orðum sínum sérstaklega að verkalýðshreyfingunni og hvatti hana til að berjast fyrir fleiri þrepum í tekjuskattkerfinu:

„Það orkar mjög tvímælis að nota greiðslur Tryggingastofnunar til kjarajöfnunar. Í flestum ríkjum er tekjuskattkerfið notað til jöfnunar en ekki almannatryggingar. Með því að einfalda tekjuskattkerfið, líkt og gert er á Íslandi, er um leið stuðlað að aukinni skerðingu í öðrum kerfum, til dæmis í tryggingakerfinu, sjúkratryggingum og námslánakerfinu. Ég vildi gjarnan sjá íslenska verkalýðshreyfingu berjast fyrir fleiri tekjuskattþrepum í staðinn.“



Haukur Arnþórsson, stjórnsýslufræðingur, Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs, og Rúnar Bachmann, formaður fulltrúaráðs launamanna í Birtu. Haukur og Ólafur voru frummælendur á fundi fulltrúaráðsins og sá síðarnefndi fjallaði um hvernig hægt væri að gera gott lífeyriskerfi enn betra. Hann hefur víðað m.a. þá hugmynd að leita eftir samstarfi við Alþjóðabankann við að meta kosti og galla kerfisins.

Hægt að sækja rafrænt um lán

Nú er hægt að sækja líka um sjóðfélagalán á Mín Birta á birta.is. Þessi nýbreytni einfaldar verklag og samskipti, dregur úr pappírnotkun og flýttir afgreiðslu erinda. Þetta er því til hagræðis fyrir bæði sjóðfélaga og starfsmenn Birtu lífeyrissjóðs.

Þar með er mögulegt að sækja rafrænt um eftirlaun, makalífeyri, sjóðfélagalán og undirrita samninga um séreignarsparnað á Mín Birta á vefnum okkar.

Vaskir þjónustufulltrúar okkar eru auðvitað til svara áfram og greiða götur þeirra sem leita upplýsinga eða aðstoðar vegna umsókna um eftirlaun, lífeyri, lán eða annars tilheyrandi lífeyrissjóðnum.

Rétt er svo að vekja athygli á því að sjóðfélagar geta minnkað ögn útgjöld sín með því að afþakka greiðsluseðla

en færa innheimtuna í beingreiðslur. Þá verður kostnaður við hverja afborgun einungis 130 krónur ef reikningsyfirlitið er rafrænt, annars 225 krónur (yfirlitið á pappír). Dýrasti kosturinn er að innheimta með greiðsluseðli og fá yfirlit á pappír, 640 krónur. Ef reikningsyfirlitið er rafrænt kostar innheimta með greiðsluseðli 515 krónur.

Það borgar sig að spá í málið, safnast þegar saman kemur hvort sem eiga í hlut útgjöld eða sparnaður!

Starfsemi birtu lífeyrissjóðs á árinu 2017

HELSTU TÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGI

EFNAHAGSREIKNINGUR

Sameiginlegt yfirlit samtryggingardeildar og séreignardeildar 2017 2016 í milljónum kr.

Eignarhlutir í félögum og sjóðum	138.031	129.274
Skuldabréf	197.168	179.166
Bundnar bankainnistæður	4.008	4.589
Aðrar fjárfestingar	164	383
Kröfur	2.599	1.840
Handbært fé og rekstrarfjármunir	6.580	5.760
Skuldir	-428	-859
Hrein eign til greiðslu lífeyris	348.122	320.152

BREYTINGAR Á HREINNI EIGN

Sameiginlegt yfirlit samtryggingardeildar og séreignardeildar 2017 2016 í milljónum kr.

Iðgjöld	15.543	13.476
Lífeyrisgreiðslur	10.244	9.323
Hreinar fjárfestingartekjur	23.434	3.016
Rekstrarkostnaður	763	762
Hækkun á hreinni eign á árinu	27.970	6.407
Hrein eign frá fyrra ári	320.152	313.745
Hrein eign til greiðslu lífeyris	348.122	320.152

KENNITÖLUR SAMTRYGGINGARDEILDAR

2017 2016

Nafnávöxtun	7,05%	0,58%
Hrein raunávöxtun	5,23%	-1,49%
Hrein raunávöxtun, 5 ára meðaltal	4,86%	5,33%
Hrein raunávöxtun, 10 ára meðaltal	0,48%	0,47%
Eign umfram heildarskuldbindingar	-3,44%	-4,09%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	15.882	15.927
Fjöldi lífeyrisþega	12.944	12.058
Fjöldi stöðugilda	30,1	30,5

Kynning fyrir þá sem nálgast töku lífeyris

Kynningarfundur fyrir sjóðfélaga sem nálgast töku lífeyris verður á skrifstofu Birtu lífeyrissjóðs, Sundagörðum 2, þriðjudaginn 15. maí kl. 17. Sjóðfélagar geta þar kynnt sér lífeyrisréttindi almennt og fengið ýmsar upplýsingar sem verða þeim vonandi til hjálpar við að ákveða hvenær þeir hefja töku lífeyris.

Boðað verður til fundarins með bréfi til sjóðfélaga sem verða 64 ára einhvern tíma á árinu 2018. Áhugasamir geta líka skráð sig til fundar með því að hringja í síma 480 7000 eða senda tölvupóst á birta@birta.is og gefa upp nafn, kennitölu og símanúmer.

SÉREIGNARDEILDIR

Hrein raunávöxtun séreignar var 1,93%, 5,53% og 5,63%. Upplýsingar um ávöxtun sparnaðarleiðanna þriggja eru á vef sjóðsins, birta.is.

Lífeyrisgreiðslur séreignardeildar námu 633 milljónum króna. Í árslok 2017 áttu 31.566 manns réttindi í séreignardeild og virkir sjóðfélagar í séreignardeild voru 2.154. Hrein eign tilgreindrar séreignardeildar nam 80 milljónum króna.

Stjórn sjóðsins:

Jón Bjarni Gunnarsson, formaður	Þorbjörn Guðmundsson, varaformaður
Davíð Hafsteinsson	Drífa Sigurðardóttir
Guðrún Jónsdóttir	Gylfi Ingvarsson
Ingibjörg Ólafsdóttir	Jakob Tryggvason
Unnur María Rafnsdóttir	Viðar Örn Traustason

Framkvæmdastjóri: Ólafur Sigurðsson



Ársfundur 2018

Ársfundur Birtu lífeyrissjóðs verður haldinn miðvikudaginn 2. maí nk. kl. 17 í Norðurljósasal Hörpu.

Dagskrá: [venjuleg aðalfundarstörf](#).

Sjóðfélagalán er málið!



„Langflestir sem hingað hringja spyrja um sjóðfélagalán og eru þá oft í fasteignakaupahugleiðingum. Margir hafa líka áttað sig á því að þeir greiða af óhagstæðum, eldri lánum og spá í að endurfjármagna þau með hagstæðari lánnum,” segir Óskar Magnússon þjónustufulltrúi Birtu lífeyrissjóðs.

„Vaxtakjörin eru fyrsta spurningin sem við þurfum jafnan að svara og

síðan vilja menn auðvitað heyrja um veðhlutfall og lánstíma. Slíkar upplýsingar eru flestar á vefnum okkar, birta.is, en þá er vert að nefna að enn kemur fyrir að þeir sem greiddu áður iðgjöld til Sameinaða lífeyrissjóðsins eða Stafa lífeyrissjóðs nefna „gömlu” sjóðina sína við okkur. Ég heyrði til að mynda í manni á dögnum sem sagði mér að launagreiðandi sinn væri enn með Stafi skráða á útgefnum launaseðlum fyrirtækisins.

Margir viðmælendur okkar hafa áður kynnt sér lánakjör á markaðinum með því að skoða vefina Aurbjörg og Herborgu. Þar er að finna glöggar samanburðarupplýsingar um vexti lána og þær vefstóllur eru yfirleitt sammála um hvar hagstæðustu lánin sé að finna. Í framhaldinu liggur leið sjóðfélaganna beint til okkar!”

Framreiðslumaður með innbakaða þjónustulund

Stjórnendur og starfsmenn Birtu vinna markvisst að því að hafa stjórnsýslu sjóðsins aðgengilega og upplýsingamiðlunina skýra og greinargóða. Það skilar sér greinilega því ófáir sjóðfélagar og aðrir viðskiptavinir sjá ástæðu til þess að láta í sér heyrja í þakkklætisskyni fyrir greið svör og skjóta úrvinnslu erinda sinna.

Þjónustugenið hefur reyndar þroskast með Óskari Magnússyni allan hans starfsferil því hann lærði framreiðslu á sínum tíma og starfaði sem framreiðslumaður á veitingahúsum áratugum

saman, var í stjórn Félags framreiðslumanna í um tíu ár og í stjórn lífeyrissjóðs þeirra í um tuttugu ár, lengst af formaður. Hann skipti síðan um starfsvettvang og gerðist starfsmannastjóri í Miklagarði og síðar verslunarstjóri 11-11.

Þá var komið að upphafi lokakaflans á starfsferlinum. Óskar réði sig til starfa hjá Lífeyrissjóðnum Hlíf 1999. Hlíf varð hluti af Sameinaða lífeyrissjóðnum og Óskar starfaði þar frá upphafi til sameiningarinnar við Stafi. Hann hefur frá stofnun Birtu verið í framlínu þjónustufulltrúa sjóðsins.

Séreign skerðir ekki greiðslur almannatrygginga

„Erindi sjóðfélaga eru eðlilega af ýmsum toga en það er sprenging í sjóðfélagalánum og flest erindin tengjast lánnum, eðlilega.

Séreignarsparnað ber líka oft á góma og þá rek ég mig á að fólk heldur stundum að best sé að taka séreignina sína út á einu bretti þegar það nálgast eftirlaunaaldurinn. Viðkomandi hafa kannski heyrð á fönnum vegi eða beinlínis verið ráðlagt að best sé að gera þetta svo séreignin hafi ekki áhrif gagnvart Tryggingastofnun og skerði greiðslur þaðan.

Það er hins vegar einfaldlega rangt að séreign skerði greiðslur frá Tryggingastofnun. Engu að síður er óráðlegt að taka út mikinn séreignarsparnað í einu lagi. Við bendum fólk á að greiða sér þennan sparnað sinn frekar út smám saman mánaðarlega til að lenda ekki með hann í hærra skattþrepi.”

Óskar varð sjötugur fyrr á þessu ári og nú nálgast höfðinginn okkar þau tímamót að fara á eftirlaun. Fyrir honum á sem sagt að liggja að kynnast af eigin raun eftirlaunakerfinu sem hann hefur haft atvinnu af og kynnt öðrum frá því fyrir aldamót.

„Ég kvíði engu við það að hætta að vinna, síður en svo. Þetta er bara verkefni sem verður áhugavert að sinna. Sumir í sömu sporum kvíða því að hafa lítið við að vera þegar starfsferlinum lýkur en það á ekki við um mig. Ég mun hafa nóg að gera og hlakka til þess að söðla um.”

Ný sjóðfélagalán 2017

Birta lífeyrissjóður veitti alls 487 ný sjóðfélagalán 2017, þar af 38 viðbótarlán með vaxtaálagi vegna veðsetningar umfram 65%. Nær helmingur lánanna var verðtryggður með breytilegum vöxtum en hinn helmingurinn skiptist nær jafnt í verðtryggð lán með föstum vöxtum og óverðtryggð lán með breytilegum vöxtum.

- Verðtryggð lán með breytilegum vöxtum
- Verðtryggð lán með föstum vöxtum
- Óverðtryggð lán með breytilegum vöxtum

